

Nr. 014 / 09 Straumur SH 100**Rafmagnsbilun**

Skipaskr.nr. 2331
Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast
Stærð: 7,4 brl. 5,9 bt.
Mesta lengd: 9,12 m Skráð lengd: 8,26 m
Breidd: 2,8 m Dýpt: 1,27 m
Vél: Volvo Penta 190 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Straumur ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Olafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. febrúar 2009 var Straumur SH 100 á siglingu til Dalvíkur. Veður: Logn

Verið var að sigla bátnum frá Stykkishólmi til nýrrar heimahafnar. Þegar báturinn var staddur á Húnaflóa urðu bátsverjar varir við að hleðsla fór af neyslurafkerfinu og létu strandstöð vita af því. Hleðslan kom svo inn aftur og var aðstoð afþökkuð en þegar báturinn var staddur út af Tröllaskaga fór hún aftur af. Ákveðið var þá að sigla inn til Siglufjarðar þar sem viðgerðarmaður taldi að annar rafallinn væri bilaður og skiptir með rofa í töflu yfir á startgeymasettið. Bátnum var síðan siglt til Dalvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að í ljós kom að geymasettið fyrir neyslukerfið var þurr en rafallinn reyndist í lagi. Báturinn hafði staðið nokkra mánuði við bryggju og talsverðan tíma af því á landrafmagni;
- að ekki var talin ástæða til athuga ástand rafgeyma áður enn lagt var í ferðina. Nýir eigendur voru að bátnum og höfðu talið hann í fullkomnu lagi þegar þeir tóku við honum;
- að báturinn var nýskeyttur og með haffærisskírteini útgefið 6. feb. 2009.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur stjórnendur báta að fara vel yfir mikilvægan búnað um borð áður en lagt er í sjóferð sérstaklega ef þeir þekkja lítið til ástands hans.